



Kennari:

Katrín Tryggvadóttir (KT)

Áfangalýsing

Í áfanganum er áherslan á að nemendur læri og þjálfist í vinnubrögðum sem tengjast lestri ljóða og annarra bókmennta. Farið er fram á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, metnað og virkni í námi. Lesnir verða margs konar bókmenntatextar, ljóð, sögur, smásögur og leikrit, frá siðaskiptum til um 1900. Unnin verða krefjandi túlkunar- og ritunarverkefni. Nemendur verða einnig þjálfaðir í umræðum og framsögn.

Nemendur skulu **ávallt mæta með tölvu** í kennslustundir.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tegundum bókmennta frá siðaskiptum til um 1900
- helstu stefnum í íslenskum bókmenntum frá siðaskiptum til um 1900
- helstu hugtökum tengdum ljóðmáli og ljóðalestri
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta fræðihugtök af öryggi í umræðu um bókmenntir
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tali og ritmáli
- flytja af öryggi og sannfæringarkrafti túlkun sína á bókmenntatexta
- lesa sér til gagns allar gerðir ritaðs máls frá siðaskiptum til um 1900
- skilja og greina mismunandi sjónarmið í túlkun bókmenntatexta

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel upp byggðan og grípandi texta
 - velja viðeigandi ritstíl eftir viðtakendum og aðstæðum
 - beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður
 - tjá rökstudda afstöðu, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum
 - draga saman aðalatriði og beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu bókmenntatexta
 - átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná dulduðum boðskap og hugmyndum í bókmenntum
 - sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni og samlíðan í túlkun sinni og umfjöllun um bókmenntatexta
-

Kennslubækur:

- Matthías Jochumsson. 1997. *Skugga-Sveinn*. Iðnú, Reykjavík.
- Þorgils gjallandi. 1996. *Upp við fossa*. Iðnú, Reykjavík.
- Efni frá kennara.

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni:

Vika:	Dagsetning:	Námsefni/viðfangsefni:	Helstu próf og verkefni:
1	7. - 8. janúar	Kynning áfanga. Námsefni, námsmat og skipulag. Ljóðgreining.	Verkefni í tengslum við efnið.
2	11. – 15. janúar	Ljóðgreining. Efni frá kennara. Hugtök um brag- og stílfraði ljóða.	Verkefni í tengslum við efnið.
3	18. - 22. janúar	Ljóðgreining. Efni frá kennara. Hugtök um brag- og stílfraði ljóða.	Verkefni í tengslum við efnið.
4	25. – 29. janúar	Ljóðgreining. Efni frá kennara. Hugtök um brag- og stílfraði ljóða.	Verkefni í tengslum við efnið. Próf úr bragfræði og stílfraði.
5	1.-5. febrúar	Nemendur les Upp við fossa heima. Valin ljóð frá 16.-18. öld lesin og greind.	Verkefni í tengslum við efnið.
6	8.-12. febrúar	Nemendur les Upp við fossa heima. Valin ljóð frá 16.-18. öld lesin og greind.	Verkefni í tengslum við efnið.
7	15.-19. febrúar	Nemendur les Upp við fossa heima. Valin ljóð frá 16.-18. öld lesin og greind. Kátir dagar	Verkefni í tengslum við efnið. Próf úr ljóðum.
8	22.-26. febrúar	Upp við fossa rædd og verkefni unnin.	Verkefni í tengslum við efnið. Póf úr Upp við fossa. Miðannarmat
9	1.-5. mars	Upp við fossa rædd og verkefni unnin	Verkefni í tengslum við efnið.
10	8.-12. mars	Upp við fossa rædd og verkefni unnin	Verkefni í tengslum við efnið. Tímaritgerð úr Upp við fossa.
11	15.-19. mars	Ljóð frá 19. öld.	Verkefni í tengslum við efnið.
12	22.-26. mars	Nemendur lesa Skugga-Svein heima. Ljóð frá 19. öld.	Verkefni í tengslum við efnið.
13	29. mars- 6. apríl	Páskafri	Verkefni í tengslum við efnið.
14	7.-9. apríl	Nemendur lesa Skugga-Svein heima.	Verkefni í tengslum við efnið.

		Ljóð frá 19. öld.	Próf úr ljóðum.
15	12.-16. apríl	Skugga-Sveinn.	Verkefni í tengslum við efnið..
16	19.-23. apríl	Skugga-Sveinn.	Verkefni í tengslum við efnið. Próf úr Skugga-Sveini.
17	26.-30. apríl	Vonir.	Verkefni í tengslum við efnið
18	3.—7. maí	Vonir.	Verkefni í tengslum við efnið. Próf og/eða ritgerð.

Kröfur og verkefnaskil:

- **Lokapróf** er í áfanganum en hægt er að sleppa því með því að ná 7 í annareinkunn. Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi undirbúnir í kennslustundir.
- Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa því að hafa aðgang að tölvu í tímum.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU.
- Nemandi sem **missir af prófi vegna veikinda eða löglegra forfalla ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi** og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju. **Einungis þeir sem eru löglega fjarverandi fá að taka sjúkrapróf.** Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum. Nemandi sem ekki skilar verkefni fær einkunnina núll. Eftir skiladag er gefið tveggja daga svigrúm til að skila verkefni. Eftir að skilabox lokar er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt **fyrir skiladag**. Nemendur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. **Ritstuldur varðar við lög** og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.
- Óheimilt er að vera með síma í tímum nema með leyfi kennara. **Óleyfileg símanotkun jafngildir fjarvist úr kennslustund.**

Námsmat:

Annareinkunn er sett saman af eftirfarandi þáttum og gildir 50% af lokaeinkunn:

- 14% Ljóðgreining, próf.
- 14% Ljóð fyrir 1800, próf og/eða verkefni.
- 26% *Upp við fossa*
 - 10% próf og/eða verkefni.
 - 16% tímaritgerð.
- 13% Ljóð eftir 1800, próf og/eða verkefni.
- 13% *Skugga-Sveinn*, próf og/eða verkefni
- 10% *Vonir*, próf og/eða verkefni.
- 10% Ástundun í kennslustundum og verkefnaskil.

Með von um góða samvinnu og fyrirvara um breytingar.

F.Su., 4. 1. 2021

Katrín Tryggvadóttir.